

#### 44. Stjórnarfundur Nýheima 18.02.2015 kl. 8:30

Mætt eru: Ragnhildur Jónsdóttir, Zophonías Torfason, Fanney Björg Sveinsdóttir, Davíð Arnar Stefánsson, Helga Árnadóttir, Hrafnkell Guðnason og Árdís Erna Halldórsdóttir

Fundarstjórn: Ragnhildur Jónsdóttir

Ritari: Árdís Erna Halldórsdóttir

Forfölluð: Þorvarður Árnason, Kristín Hermannsdóttir, Vala Björg Garðarsdóttir og Nína Síbyl Birgisdóttir

Efni:

**1. Verkefnahugmynd frá Söderhamn (Erasmus+) – Davíð kynnir**

CFL í Söderhamn vill endurskoða hjá sér fjarkennsluna og hefur hug á að leita til Nýheima. CFL hefur mótað umsókn til Erasmus+ í þeim tilgangi að heimsækja NP og starfa að nýrri gæðastjórnun með þeim sem koma að fjarkennslunni á Höfn. Davíð fylgir málinu eftir og verður skoðað betur á næsta stjórnarfundum eftir eina viku.

**2. Kynning á ferðamálabró – Hrafnkell kynnir**

Hugsað sem starfsmenntanám fyrir starfsfólk í ferðaþjónustufyrirtækjum (mælt í Ecvet einingum) á starfsmenntasviði sem er á milli framhaldsskóla- og háskólastigs. Unnu áður svipaða brú í matvælageiranum áður sem kallaðist Matvælabróin. Hún var unnin í nánú samstarfi við atvinnulífið og boðið eru upp á þetta nám núna. Hugsa námið fyrir þá sem eru annaðhvort byrjaðir í rekstri, hyggja á rekstri, millistjórnendur ofl. Háskólafélagið vill sækja um að þróa ferðamálabróna betur og hyggur á að sækja til þess styrk til Erasmus. Hefur nú þegar sett sig í samband við þrjá háskóla sem eru framarlega í ferðamálanámi, það eru University of Highlands and Islands í Skotlandi, University of Malaga á Spáni og Bastad – Yrekshögskola í Svíþjóð. Háskólafélagið vill gjarnan hefja strax samstarf við Nýheima til að koma á tengslum við ferðaþjónustuaðila austur á Suðurlandi. Nýheimar fagna þessu framtaki Háskólafélagsins og munu Árdís, Helga og Fanney vera tengiliðir við ferðaþjónustuaðila á svæðinu varðandi verkefnið.

**3. Auglýsing um styrki til rannsókna á sviði byggðamála – Fanney kynnir**

Þessir styrkir henta starfsviði Nýheima vel. Davíð fylgir málinu eftir og kannar m.a. tengingu við yfirstandandi verkefni Nýheima, Mótstöðuafli – Opposing Force.

12/11

**4. Reikningur Já hf. – Davíð**

Ákveðið að endurskoða skráningu hjá ja.is. Davíð sundurgreinir reikninginn og sendir upphæðina á hverja stofnun innan Nýheima sem greiðir fyrir sig.

**5. Þátttaka Nýheima í kostnaði vegna árshátíðar NP. – Davíð**

Fundarmenn sammála um að það þurfi að móta stefnu varðandi þátttöku Þekkingarsetursins Nýheima í sameiginlegum viðburðum innan Nýheima. Davíð kannar hvernig þessu er háttað hjá öðrum þekkingarsetrum. Í framhaldinu verður mótaður 3 manna starfshópur til að vinna tillögur sem verða lagðar fyrir stjórn. Ákveðið var að greiða fyrir skemmtiatriði árshátíðarinnar að þessu sinni.

**Önnur mál**

- Davíð upplýsir að Björn Ingi Jónsson bæjarstjóri mætir á næsta fund stjórnar eftir viku og fer yfir mál sem tengjast húsnæði Nýheima.
- Davíð kynnir ferðina sem hann fór í á Blönduósi á ársþing þekkingarsetra. Aðilar frá níu þekkingarsetrum mættu og var ferðin gagnleg og góður andi í hópnum. Voru uppi umræður um hvort ætti að formgera samstarf á milli þekkingarsetra á landinu og vilji til þess að gera það í framtíðinni. Þótti ekki vera ástæða til þess strax.

Fundi slitið kl. 10:00.

Ragnhildur Jónsdóttir  
Arndís Ema Halldórsdóttir

AET  
RJ